



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

HEST1GF05

Hestamennska bóklegt II

Kennari:	Johannes Amplatz (JOA) johannes@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna áframhaldandi grunnatriði í hestamennsku sem og grunnhugtök, skilgreiningar, siðareglur og lögmál greinarinnar. Kennd er almenn þróunarsaga hestsins (equus) ásamt uppruna og sögu íslenska hestsins. Viðhorf manns og hests, líkamstjáningu hestsins, hvernig hann lærir, hugsar og bregst við áreiti. Minni og námsgeta hestsins, athygli og einbeitingarhæfni. Mikilvægi umbunar og algengustu leiðir til þess að umbuna hesti. Ástæður þess að hestur skilur ekki og hvernig bregðast megi við því. Frekari áhersla er lögð á ábendingar, virkni og notkun þeirra. Fyrstu stig fimiafinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð og sveigjustopp. Ítarleg umfjöllun um notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur. Rétt taumhald og notkun mismundi taumábendinga. Einfaldar gangskiptingar og framkvæmd þeirra. Útreiðar og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum og skilgreiningum greinarinnar.
- helstu siðareglum og lögmálum greinarinnar.
- almennri þróunarsögu hestsins (equus).
- uppruna- og sögu íslenska hestsins.
- grunnatriðum í skipulagi félagskerfis hestamennsku sem áhugamáls.
- viðhorfi manns og hests, líkamstjáningu hestsins, hvernig hann lærir, hugsar og bregst við áreiti, sbr. áreiti, svörun, afleiðing.
- minni og námsgetu hestsins, athygli og einbeitingarhæfni.
- mikilvægi umbunar og algengustu leiðir til þess að umbuna hesti.
- ástæðum þess að hestur skilur ekki og hvernig bregðast megi við því.
- ábendingum, virkni og notkun þeirra.
- æfingunni áfram og stopp.
- fyrsta stigi fimiafinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð, sveigjustopp og upphaf hliðargangsæfinga.
- notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur.
- réttu taumhaldi og notkun mismundi taumábendinga.

- einföldum gangskiptingum og framkvæmd þeirra.
- útreiðum og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig í ræðu og riti um áframhaldandi grunnatriði fagsins.
- leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með og taka þátt í almennum umræðum um stöðu og framtíð greinarinnar.
- geta tjáð sig í ræðu og riti um einfaldar aðferðir og hugtök í faginu.
- geta fylgt leiðbeinandi reglum um öryggismál og hollustuhætti á vinnustað.
- hafa þroska til að íhuga og meta sjónarmið annarra.
- vera meðvitaður um eigin stöðu og færni og nálgast fag sitt af virðingu og ábyrgð.
- geta unnið sjálfstætt og af öryggi með grunnþætti í faginu.
- geta tekið réttar ákvarðanir miðað við aðstæður.

Námsmat:

Verkefni „Kynning á fræðigrein“	5%
Verkefni „Vetrarleikar“	15%
Verkefni „Hestakyn“	10%
Verkefni „Viðtal við þjálfara“	10%
Kaflapróf 1	15%
Kaflapróf 2	15%
Upprifjunarpróf	15%
Frammistaða og virkni	15%

Námsefni:

Bók „Knapamerki 2“ (Reykjavík 2012, nýja útgáfan, gormabók)

Bók „Hrossafræði Ingimars“ eftir Ingimar Sveinsson

Námsefni frá kennara á Innu

Sérreglur áfangans:

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Frammistöðu og virkni“.

Frammistaða og virkni: Hér er metið hvernig frammistaða og virkni nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, verkefnaskil, o.s.frv..

Einnig skal hafa jákvætt viðhorf gagnvart og koma fram á kurteisan hátt með hestum, samnemendum og öðrum.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt.

Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- Tækifæri til að sjá hvernig þér gekk
- Útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- Ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi
- Tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn

ATH: Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
2	08.-09.01.	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs	JOA
3	12.-16.01.	7. kafli: Reiðvöllur 6. kafli: Vinna við hönd, kyssa ístöð og sveigjustopp	JOA
4	19.-23.01.	6. kafli: Vinna við hönd, kyssa ístöð og sveigjustopp Verkefnavinna „Kynning úr bók“ Kynningar „Kynning úr bók“	JOA
5	26.-30.01.	5. kafli: Áfram og stopp 3. kafli: Viðhorf manns og hests	JOA
6	02.-06.02.	3. kafli: Viðhorf manns og hests Kaflapróf 1	JOA
7	09.-13.02.	4. kafli: Ábendingar 8. kafli: Taumhald og taumábendingar	JOA
8	16.-20.02.	KM 3 - 6. kafli: Að víkja og baugavinna 1. kafli: Þróunarsaga hestsins	JOA
9	23.-27.02.	23.-24.02. Vorfrí 2. kafli: Saga íslenska hestsins	JOA
10	02.-06.03.	Undirbúningur fyrir Vetraleikana 10. kafli: Útreiðar á víðavangi	JOA
11	09.-13.03.	Undirbúningur fyrir Vetraleikana Knapamerki 2: Undirbúningur fyrir verklega prófið	JOA
12	16.-20.03.	Undirbúningur fyrir Vetraleikana 18.03. Vetrarleikar FSu 18.-19.03. Kátir dagar 20.03. Flóafár	JOA
13	23.-27.03.	Upprifjun Kaflapróf 2	JOA
14	30.03.-03.04.	30.03.-03.04. Páskafrí	

15	06.-10.04.	06.04. Páskafri 9. kafli: Gangskiptingar	JOA
16	13.-17.04.	Íslenski hesturinn og önnur hestakyn Íslenski hesturinn og önnur hestakyn	JOA
17	20.-24.04.	Wången? Verkefnavinna: Hestakyn og Viðtal við þjálfara 23.04. Sumardagurinn fyrsti	JOA
18	27.04.-01.05.	Verkefnavinna: Hestakyn og Viðtal við þjálfara Kynningar Hestakyn 01.05. Frídagur verkalýðsins	JOA
19	04.-08.05.	Kynningar: Viðtal við þjálfara Upprifjunarpróf	JOA
20	11.-13.05.	Upprifjun	JOA